



Febrúar 2021

Ágætu félagar

Í lok janúar héldum við fyrsta fræðslufundinn á vegum félagsins. Þar fjallaði Jóna Benediktsdóttir um vinnu með orðaforða og nemendalýðræði samtvinnað uppbyggingarvinnu.

Næsti fræðslufundur verður fimmtudaginn 25. febrúar kl. 15:00 en þar ætlar Guðbjörg Sveinsdóttir að segja frá uppbyggingadagatali sem notað er í Grunnskóla Grindavíkur. Dagatalið auðveldar starfsmönnum að skipuleggja fræðslu fyrir nemendur. Eins og fyrr er þetta stutt erindi (ca. 10 mín.) og síðan verður orðið laust fyrir spurningar og vangaveitur.

Fundurinn verður rafrænn og verður slóðin sett á Facebook síðu félagsins í næstu viku.

Gaman verður að sjá ykkur sem flest á fundinum og ég bið ykkur sem fáði þennan póst að láta sem flesta vita.

Ég hvet ykkur til að hafa samband við einhvern í stjórninni ef þið hafið áhuga á að vera með örfund/fræðsluerindi og segja frá starfinu í ykkar skóla/bekk.

**Ég vona að starfið í ykkar skóla sé öflugt þessa dagana og að þið notið uppbygginguna með nemendum og starfsfólki.**

Með bestu kveðjum f.h. stjórnar

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsaga